

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Höfðabakki verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Vesturlandsveg.
2. Bíldshöfði verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Höfðabakka. Bráðabirgðaákvæði gildir um biðskyldu á Bíldshöfða við tengigötu af Vesturlandsvegi á Elliðavog.
3. Breiðhöfði verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Bíldshöfða.
4. Umferð um Kleppsveg víki fyrir umferð um Langholtsveg.
5. Stöðvunarskylda verður við Elliðavog á Langholtsvegi, Holtavegi, Skeiðarvogi og Kleppsmýrarvegi.
6. Biðskylda verður á akreinum, sem sérstaklega eru ætlaðar hægri beygjum, inn á Elliðavog frá Holtavegi og Kleppsmýrarvegi, og til austurs inn á Holtaveg frá Elliðavogi.
7. Umferð verður í báðar áttir:
 - a. Á Kleppsvegi, milli húsagötu Holtavegar og húsagötu Kleppsvegar við hús nr. 86.
 - b. Á húsagötu Holtavegar.
8. Bifreiðastöður verða bannaðar við Völvufell, beggja vegna götunnar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. desember 1979. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um einstefnuakstur á húsagötu Holtavegar frá 15. nóvember 1976.

Lögrelustjórinn í Reykjavík, 15. nóvember 1979.

Sigurjón Sigurðsson.

SAMPYKKT**um sýsluvegasjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu.****1. gr.**

Í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni. Sýsluvegir eru:

Súðavíkurhreppur:

1. Vatnsveituvegur af Djúpvegi að stíflu
2. Langeyrarvegur af Djúpvegi að Langeyri
3. Seljalandsvegur af Djúpvegi að Seljalandi
4. Minni Hattardalsv. af Djúpvegi að Minni Hattardal
5. Meiri Hattardalsv. af Djúpvegi að Meiri Hattardal
6. Eyrarvegur af Djúpvegi að Eyri